

LISTIR

Barnabækur rýndar

BÆKUR Fræðibók

RADDIR BARNABÓKANA: GREINASAFN

Silja Aðalsteinsdóttir valdi greinarnar og skrifaði formála. Mál og menning, 1999. 251 bls.

hennar í stórum dráttum sömu grunnreglur og áður, enda form höfuðlagnsins hið sama.

Það kemur líka fram að markverðustu myndverkin á sýningunni eru gerð af fólki sem hefur akademíska þjálfun í malnum og athygli vekur hve málarar sem margir litu lengstum niður til, voru úti í kuldnum, falla vel að sýningunni svo sem Eggert Guðmundsson og Freymóður Jóhannsson sbr. málverk þeirra af Guðmundi Kamban og Jóhannesi úr Kötlu. Þetta er lítil en nota-leg sýning og eins og á öðrum svipuðum, kemur næstum of vel fram hve margir eru líttækir á vettvanginum, þótt lítið hafi þeir lagt sig að honum. Alltof vel, vegna þess að hér er um afskipta og vanrækta auðlind að ræða, hvorutveggja af listamönnum sem hinu opinbera. Þá er mikilsvert að Gunnarshús skuli opið almenningi á þessum tímamótum og er ekki að efa að margur vilji nota tækifærið og litast um í hífylum eins okkar mesta ritlistarjófurs á öldinni, og fá um leið nasasjón af starfsemi Ríthöfundasambandsins.

Má taka heilshugar undir þá ósk Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar að sýningin megi verða myndlistarmönnum hvatning til að halda áfram að glíma við ásýndur ríthöfunda. En hér þarf líka að koma til uppörvun og að myndlistarmenn fá verðug verkefni á vettvanginum þ.e. eyðimörkinni, að gróðurvinjum hennar undanskildum, flíbbaportrettinu, eða skjallmyndunum eins og Thor Vilhjálmsson nefnir slík skilrí í læsilegum formála sýningarsskrár.

Bragi Ásgeirsson

Íslands, en eftir hann er meðal annarra muna, seglbatúrin Svaur frá Mörk. Í verkum beggja gættir greinilegra áhrifa hefðbundinnar leikfangagerðar.

Á veggjunum umhverfis bókasafnið er sérsýning á verkum Óskars Beck, en hann lést fyrir tveim árum. Óskar bjó til myndir úr plasthúðuðum blíkki sem hann klippti til og lúmdi á járnplötur. Verk hans skera sig töluvert frá öðrum verkum sem sýnd eru í Safnasafninu vegna skreytikendna eiginleika sinna, en samhverf bygging þeirra minnir á staðlað myndstærð frá miðöldum. Oft má greina jurtir og önnur kunnugleg form í myndum Óskars, en jafn oft eru þær fullkomlega óhlutbundnar eins og stærðfræðileg skjaldarmarki forðum daga.

Í hornstofunni á miðhæð heldur Niels Hafstein litlar sérsýningar þar sem hann býður listamönnum að sýna, sem með einhverjum hætti hafa orðið fyrir áhrifum af íslenski alþýðulist og sjálf-spröttu, innlendu handverki. Þegar undirritaðan bar að garði var þar lítil en einkar kunnugleg sýning á vefjalist Hildar Hákonardóttur, forstöðumanns Listasafns Árnesinga á Selfossi, frá 7. og 8. áratugnum. Það var eins og að hverfa þrjú áratugi aftur í tímann að standa frammi fyrir minningar-teppi hennar um hin ýmsu skærulíðasamtök sem þá gerðu garðinn frægan. Það eina sem á skorti var fjaðrafókíð sem vefur Hildar olli forðum daga.

En spyrji menn hvar Safnasafnið sé að finna nægir að vísa þeim á móttökunefndina framan við húsið. Áberandi og óborganleg steinsteypuverk Ragnars heitins Bjarnasonar, trésmíðs úr Reykjavík, heilsa hverjum sem framhjá fer. Kristur og Kólski, Josephine Baker og Ungmennin vorsins draga svo til sín athygli vegfarenda á þjóðveginum austan Akureyrar að vart stenst nokkur mátið að renna í hlað. Og hví skyldu menn halda aftur af sér þegar jafnsérstætt og skemmtilegt safn verður óvart á vegi þeirra?

Haldór Björn Runólfsson

SILJA Aðalsteinsdóttir hefur verið okkar helsti sérfræðingur á sviði barnabókmennta og bókmenntalegrar umfjöllunar um barnabækur allt frá því að hún sendi frá sér Íslenskar barnabækur 1780-1979. Sú bókmenntasaga var brautryðjandaverk og má með sanni segja að þar með hafi barnabækur komist á blað sem sérstök bókmenntagrein hér á landi. Í þeirri bók beitti Silja pólitískri mælistiku á barnabækurnar og gæði þeirra. Hún dregur „enga dul á þá skoðun sína á hlutverki barnabóka að þær eigi umfram allt að vekja börn til umhugsunar og aðgerða, vera vekjandi og hvetjandi, helst pólitískar og röt-tækar“ (s. 15).



Silja Aðalsteinsdóttir

Í þessu nýja greinasafni er beitt ýmiskonar kenningum, vitnað í marga erlenda sérfræðinga og nokkra íslenska og víðmið þeirra, sem gerir þetta greinasafn mjög mikilvægt hjápartæki þeim sem vilja skoða barnabækur út frá bókmenntafræðilegu sjónarmiði fremur en út frá skemmtanagildi, hversu læsilegur textinn er eða hvaða sögu er verið að segja.

Í þessu greinasafni á Silja sjálf þrjú greinar. Sú fyrsta er ágrip af sögu barnabókaritunar á Íslandi þar sem hún fjallar um bernskuminningar sem fyrsta vísi að barnabókum sem síðan þróast út í sjálfstæðar skáldsögur fyrir börn eftir 1930. Skandinavíska bylgjan svokallaða kom síðan eftir 1970 með sitt nýja raunsei og enn taka íslenskar barnabækur stakkaskiptum. Unglingabækur koma á markað á síðari hluta 8. áratugarins og þær bestu taka fyrir tilvistarkreppu unglinga á milli barnæsku og fullorðinsára. Þetta er fróðleg yfirsýn, vel skrifuð og sýnir í hnotskurn þróun íslenskrar barnabókaritunar á þessari öld. Í

lok greinarnar birtir höfundur lista yfir einkenni þess sem hún kallar vandaðar barna- og unglingsbækur annars vegar og afþreyingarsögur hins vegar.

Raddir barnabókanna er önnur grein Silju í þessari bók. Þar nýtir hún kenningar Barbara Wall um ná-lægð sögumanns við sögupersónur sínar. Þar tekur hún fyrir dæmi úr íslenskum barnabókum og gefur sýnishorn af texta til að skýra mál sitt. Þriðja greinin fjallar um trú og siðferði í íslenskum barnabókum sem er greining sem tekur mið af kristilegu siðferði, syndafalli og fyrirgefningu og hvernig þessi minni endurspeglast í fimm íslenskum verðlaunabókum. Að mínu mati er þetta ein allra frumlegasta greining sem hefur verið gerð á íslenskum barnabókum. Forsendur greiningarinnar eru skýrar, ákveðnar spurningar eru fram settar og texti þessara völdu bóka er metinn út frá þessum spurningum.

Margrét Tryggvadóttir á tvær greinar um myndabækur. Önnur greinin er yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabóka frá því fyrsta myndabókin kom út 1853, en þessi bók er sennilega jafnframt fyrsta fræðibókin sem út kom fyrir íslensk börn. Í þessari grein gefur hún yfirsýn yfir helstu myndlistarmenn sem hafa myndskreytt bækur fyrir börn og þá sem hafa samið myndabækur. Hin greinin ber heitið „Setið í kjöltunni“ og fjallar um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka. Í þessari grein skilgreinir Margrét mismunandi tegundir myndabóka og fjallar síðan um hvað megi lesa út úr myndefninu, t.d. hvaða skilaboð kápa, saurbloð og sérhver hluti myndabókar hafi eða eigi að hafa. Þetta er fróðleg umfjöllun og læsileg. Síðari hluti þessarar greinar fjallar um greiningu myndabóka þar sem beitt er kenningum Williams Moebiusar og greiningarlykkjum hans. Þessi hluti er tyrfinn og illlæsilegur vegna þess hversu náð er reynt að þýða hugmyndir og kenningar Moebiusar í stað þess að umsegja þær og fella inn í íslenskt mál. Sem dæmi um

þennan tyrfna texta má nefna fyrirsögn sem ber heitið: Lyklar staðsetningar, stærðar og smækkandi endurbirtingar“. Þarna er óíslenskulega að orði komist að ekki sé meira sagt.

Jón Yngvi Jóhannsson greinir myndabók Þorvaldar Þorsteinssonar, „Skilaboðaskjóðuna“, út frá hugmyndafræði póstmóðernismans. Hann skoðar textann og myndirnar og les bókina opnu fyrir opnu og skoðar hvernig merking verður til. Þessi umfjöllun er vel læsileg og frumleg greining og hann kemur auga á margt sem óvart auga hefur ekki náð að tileinka sér.

Puríður Jóhannsdóttir skrifar grein sem hún kallar „Út fyrir borgarvegginna“ og fjallar um þjóðlegan menningararf og sýn á íslenska náttúru í fimm íslenskum unglingsbókum. Þetta er merkileg grein þar sem Puríður skoðar ýmiskonar textatengsl og einkum þó sókn barna- og unglingsbókahöfundna í dultrú, draugasögur, þjóðsögur og annan séríslenskan menningararf, og hvernig nútímahöfundar vinna úr þessum tengslum.

Brynja Baldursdóttir og Helga Kjaran skrifa um heim Sossu, söguhefju úr bókum Magneu frá Kleifum. Þessi greinin er nákvæm umfjöllun um umhverfi sögunnar, persónur, sögumann, stíl sögunnar og önnur einkenni þar sem beitt er nákvæmri greiningu á alla þætti sögunnar.

Eina greinin sem fjallar um erlendan höfund er grein Ármanns Jakobssonar um Enid Blyton, skrifuð í tilefni af aldarafmæli hennar. Blyton hefur verið mjög fyrirferðamikil á íslenskum barnabókamarkaði og hafa tugir bóka hennar verið þýddir á íslensku. Greining Ármanns er fagleg og skörp og athugasemdir oft spaugilega fram settar, einkum þar sem hann fjallar um kynjahlutverk í bókunum og hvað er sáttandi fyrir þess ung-menni að mati þessa breska höfundar.

Í heild er þetta greinasafn vel gert og þarft framlag til þessarar bókmenntagreinar. Þótt sumar greinarnar hafi komið út áður, eins og t.d. grein Silju um trú og siðferði, er mjög hentugt að hafa allar þessar greinar milli spjalda sem gerir þær handhægar fyrir þá sem vilja feta út á braut bókmenntalegrar greiningar á innviðum íslenskra barnabóka.

Sigrún Klara Hannesdóttir

NÚ Í sumarbyrjun þegar lífið vaknar og trén laufgast, sendir Erlendur Jónsson frá sér ljóða-bókina Vatnaspegl, þá sjöttu í röðinni frá hans hendi frá árinu 1967 þegar frumraunin Skuggar á torgi komu út. Erlendur hefur fengið við flestar tegundir ritlistar um dagana, ljóð jafnt sem smásögur auk þess að skrifa bókmenntagagnrýni, hressileg útvarpsleikrit og bráðskemmtilegar minnisgreinar um menn og bækur. Þá er hann höfundur Íslenskrar bókmenntasögu 1550-1950. Erlendur yrkir opin ljóð og auðskilin en undir yfirborðinu leynast margræðar tilfinningar þegar betur er að gáð. Vatnaspegl skiptist í þrjú hluta. Fyrsti hluti bókarinnar nefnist Frá vorhimni til haustlita og þar er kvæðið Dettifoss?

„Hver kaflí bókarinnar er um sérstakt efni og ég býst við því að forniði fylgi því að einhverju leyti. Fyrsti kaflinn fjallar um náttúruna og viðernin. Ég var þrettán ára þegar ég kom fyrst að Dettifossi og þá var ég búinn að lesa kvæði þjóðskáldanna Kristján Jónssonar, Einarar Benediktssonar og Matthíasar Jochumssonar. Í vitundinni tengist þetta allt hvað öðru. Maður sá náttúruna ósjálfrátt að einhverju leyti með augum þessara stórskálda.“

Annar hluti bókarinnar, Með-

Vonin speglast í djúpinu bláa

an kennarinn svaf, geymir gráglettinn og gamansaman kveðskap um kennarastarfið. Ýmsir gætu þó misskilid titilinn!

„Ég er búinn að kenna í 44 ár og mér hefur aldrei leiðst að kenna, þvert á móti, en skólinn er erfiður vinnustaður og betra að halda sér vakandi! Þarna er ung fólk á mótunarskeiði og kennarinn finnur að miklar kröfur eru til hans gerðar og hann verður að vera í senn fjarlægur og nálægur. Ungu fólkið sér oftast í gegnum kennarann ef hann reynir að látast! Þá verður kennarinn að vera skáld! Hann verður að hafa hugmyndaflug. Það er uppörvandi að vera með ungu fólki, sérstaklega þegar árin taka að færastr yfir. Ungu fólkið stendur á einhvern hátt nær lífinu en við sem eldri erum, það þekkir þjóðfélagið svo miklu



Erlendur Jónsson

betur. Ef ég þekki þessa borg núna, þá þekki ég hana í gegnum ritgerðir nemenda minna.“

Lokahlutinn nefnist Sólstöður yfir Staðarkirkjugarði, og er í rauninni eitt langt ljóð um Jón í Geithól, líf hans og dauða. Þegar hann fellur frá heldur org-el vindanna áfram að hljóma undir hljóðum Tröllakirkju.

„Ljóðið er ort í minningu föður míns. Hann lærði ungur orgelleik og kórstjórn hjá Magnúsi Einarssyni á Akureyri og var kirkjuorganisti á Stað í Hrítafirði. Hann langaði að koma upp kór sem gekk þó báglega vegna fámennis og féll frá á góðum aldri. Honum tókst ekki að koma kórnum á legg, kom því aldrei nokkur tíma almennilega í verk. Fráfall hans var mér mikil reynsla en ég reyndi að harka þetta af mér. Í ljóðinu

Ísafoldarkórinn í Royal Albert Hall

Góðar viðtökur við heimsfrumflutningi

KÓR Vídalínskirkju og Álfaneskórinn tóku þátt í heimsfrumflutningi í Royal Albert Hall á Proms-tónleikaröðinni í síðustu viku. Kórarnir komu fram saman undir nafninu Ísafoldarkórinn og segir Jóhann Baldvinsson, stjórnandi kóranna, þá hafa fengið mjög góðar viðtökur.

Á þriðja hundrað manns söng á tónleikum og tók Ísafoldarkórinn þátt í heimsfrumflutningi á „African Cathcart Concerto“ eftir Paul Hart ásamt Kórfélagi Lundúna og barnakór. „Afrikanska stykkið sem við vorum að æfa fékk alveg rífandi góðar undirtektingar,“ segir Jóhann, „og mjög mikið var klappað fyrir því.“

Að sögn Jóhanns var sungið fyrir fullu húsi og segir hann það sérstaka upplifun að hafa tekið þátt í tónleikum. Hann segir tónleikana hafa einkenst af fjölbreytni, en að hápunktur kvöldsins hafi þó væntanlega verið lokalag kóranna, „Pomp and Circumstance“ eftir Edward Elgar. Þá veifuðu áhorfendur breska fánanum og tóku undir með kórnum á meðan blöðrur svifu niður úr loftinu.

Jóhann segir Ísafoldarkórinn vera ánægðan með þær viðtökur sem hann fékk. „Við vorum búin að leggja mikla vinnu í að æfa þetta og læra og það stóðst allt mjög vel,“ segir Jóhann en kórarnir höfðu mjög skammta tíma til að æfa frumflutninginn á „African Cathcart Concerto“.

Sýningum lýkur

Gallerí Ingólfsstræti 8

SÝNINGU Finnboga Péturssonar lýkur sunnudaginn 13. júní. Á sýningunni fæst Finnbogi við grunnform hljóðbylgjunnar. Verk hans eru unnin með stemmingu rýmisins í huga og notar hann hátalara, álplötur og rafmagn.

Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18.

hverf ég aftur til bernskunnar og reyni að sjá þetta eins og ég sá hlutina þá, en að hinu leytnu horfa á atburðinn með árin að baki. Í kjölfar þessa var afar mikil röskun á mínum höfum! Ég varð að hverfa úr átthögum mínum og átti ekki þangað afturkvæmt þannig að þetta er hillíngaland bernskunnar sem maður horfir þarna á og einnig endalok þess æviskeiðs í raun og veru. Lífið er hart! Það gildir líka um skáldskapinn. Hann er ekki alltaf metinn eftir gæðum, það er svo margt fleira sem horft er til. Ýðarandinn er harðstjóri! Mér hefur alltaf verið óljúft að lúta honum fremur en öðrum harðstjórum.“

Dettifoss
Þú stendur á grjóti gráu.
Elfurin þungu sem hrapar hrapar niður í gljúfrið mikla
sogar þig til sín.

Þú vonar
að þessi táraflaumur tröllsins
beri drauma þína og yfirsjónir
til hafis,

að þetta stundaglas ísaldarinnar
feli í djúpinu kalda
daga þína
og nætur.

Nei, straumídan blekkir!
Mármaerla á steini
veifar stélinu og vekur þig
til lífsins.